

## REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykjavíkur nr. 108 4. mars 1975, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 61 25. janúar 1977, sbr. og reglugerð nr. 336 21. sept. 1977.

### 1. gr.

3. gr. orðist þannig:

#### Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 0,47 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0,24 á brúttórúmllest.
- c) Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 0,47 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 31,00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 156,00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

### 2. gr.

4. gr. orðist þannig:

#### Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0,24 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 25,00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

### 3. gr.

5. gr. orðist þannig:

#### Fjörugjald.

Fyrir að leggja skipi í fjöru eða taka skip í slipp til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða kr. 0,16 af hverri brúttórúmllest skipsins en þó aldrei minna en kr. 40,00.

Dráttarbrautarfyrirtæki eru skyld að sjá um og bera ábyrgð á innheimtu gjalds þessa fyrir hafnarsjóð hjá þeim skipum, sem tekin eru á land hjá þeim.

## 4. gr.

9. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 92,00 fyrir hvert skip, auk kr. 0,24 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 20,00 í hafnsögusjóð.

## 5. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 16. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 8,50 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 18,00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 49,50 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 4,85 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0,85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 4,10.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 20. okt. 1981, sbr. auglýsingu nr. 563 19. okt. 1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 397 10. júní 1981.

*Samgönguráðuneytið, 27. nóvember 1981.*

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

*Birgir Guðjónsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akraness, nr. 267 11. júní 1975,  
sbr. reglugerð nr. 388 26. nóvember 1977.

## 1. gr.

2. gr. orðist þannig:

### Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 0,47 á brúttórúmlest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0,24 á brúttórúmlest.
- c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 0,47 á brúttórúmlest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 31,00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 156,00.

Gjaldddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.